



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

### Fundargerð.

367. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 22. apríl 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

#### 1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2014 lagður fram til fyrri umræðu. Á fundinn mætti Ólafur Gestsson, endurskoðandi PwC og fór yfir reikninginn. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu.

#### 2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. apríl 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. apríl 2015 liggur frammi á fundinum.

#### 3. Fundargerðir.

##### a) Fundargerð 44. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 10. apríl 2015.

##### Mál nr. 1 og 5 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 44. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 10. apríl 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

##### Mál nr. 1: Leikskólinn starfið og húsnæðið.

Í fundargerð fræðslunefndar var eftirfarandi bókað; „Fræðslunefnd hvetur sveitarstjórn til að skoða að taka matreiðslustofuna undir leikskólastarf þar sem að leikskólinn þarfnast meira rýmis til að geta aldursskipt leikskólastarfinu. 3 stofur þýðir að hægt sé að skipta leikskólastarfinu auðveldar upp í 3 aldurshópa og auðveldar þar af leiðandi allt starf í leikskólanum. Einnig þarf að tryggja að matreiðslustofa fá örugglega sitt rými annarsstaðar“. Sveitarstjóra falið að kostnaðargreina verkefnið og leggja fyrir sveitarstjórn.

##### Mál nr. 5: Önnur mál.

c) Fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að skoða úrræði vegna 9 mánaða barna þar sem engar dagmæður eru í sveitarfélaginu til að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskólavistar. Sveitarstjóra falið að kostnaðargreina verkefnið og leggja fyrir sveitarstjórn.

e) Sigmar kynnti hugmynd frá starfsmanni í leikskóladeild um að fá fullt af timbri og svæði til að hafa það á fyrir elstu börn leikskóladeildar til að vinna með (t.d. kofasmíði), óskað er eftir viðbrögðum frá sveitarstjórn. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**b) Fundargerð 14. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. febrúar 2015.**

**Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

*Lögð fram 14. fundargerð atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. febrúar 2015.*

*Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 2: Opinn dagur 30. maí.**

*Atvinnumálanefnd óskar eftir að sveitarfélagið greiði kostnað af auglýsingum vegna opna dagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi beiðni.*

**c) Fundargerð 15. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. apríl 2015.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**d) Samtök orkusveitarfélaga. Fundargerð 20. stjórnarfundar, 13.04 2015.**

**Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

*Lögð fram 20. fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 14. apríl 2015.*

*Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 3: Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga.**

*Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga lagður fram til kynningar hjá aðildarsveitarfélögum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við ársreikninginn.*

**Til kynningar**

- ✓ Eignarhaldsfélag Suðurlands hf., ársreikningur 2014.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga, ársskýrsla 2014.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Lánasjóður sveitarfélaga ohf., ársskýrsla 2014.  
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:45